Nr. 24.
20.
október.

# Lög

um

## heimild til lóðarsölu fyrir Ísafjarðarkaupstað.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er beðið er um útmæling á lóð undir hús í landareign bæjarins, hvort heldur er á verzlunarlóðinni eða utan hennar, getur bæjarstjórn heimtað endurgjald fyrir lóðina, og skal bæjarstjórn ákveða verð hverrar lóðar eptir tillögu byggingarnefndar.

2. gr.

Nú kaupir einhver af bænum lóð undir hús, og skal þá hús reist á lóðinni áður en 2 ár eru liðin frá því, er kaupin fóru fram, ella fellur lóðin aptur til bæjarins endurgjaldslaust. Þá má bæjarstjórn lengja frest þennan allt að einu ári. Kaupandi skal og fá endurgoldin eptir óvilhallra mannamati þau verk, sem hann hefur unnið til umbóta á lóðinni.

3. gr.

Andvirði seldra lóða leggist í sjerstakan sjóð, og setur stjórnarráðið eptir tillögum bæjarstjórnar reglur um stjórn sjóðsins og notkun hans.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi þann dag, sem útkoma þeirra er birt í B-deild stjórnartíðindanna.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

om

## Hjemmel for Isafjord Købstad til Salg af Byggegrunde.

**Nr 24.**
20.
Oktober.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt:* Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar der begæres Udmaaling af Byggegrund paa Købstadens Grund, hvad enten det er paa Handelsgrunden eller udenfor denne, kan Bybestyrelsen forlange Vederlag for Grunden, hvis Købesum bestemmes af Bybestyrelsen efter Indstilling fra Bygningskommissionen.

§ 2.

Paa en Byggegrund, der købes af Byen, skal en Bygning opføres inden 2 Aars Forløb efter Købet, i modsat Fald falder Grunden tilbage til Byen uden Vederlag. Bybestyrelsen kan dog forlænge denne Frist med indtil eet Aar. Køberen erholder Godtgørelse efter uvillige Mænds Skøn for de Arbejder, han maatte have udført paa Grunden til dens Forbedring.

§ 3.

Af Købesummerne for Grundene skal der dannes en særskilt Fond, om hvis Bestyrelse og Anvendelse der gives Regler af Ministeriet efter Indstilling fra Bybestyrelsen.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den Dag, da dens Emanation bekendtgøres i Regeringstidendes Afdeling B.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

**(L. S.)**

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*